



## STE200-2 – 1 Jafnlaunastefna

Samþykkjandi: Starfsmannastjóri

---

### 1 Tilgangur og umfang

Jafnlaunastefnunni er ætlað að ná utan um stefnu og markmið fyrirtækisins í jafnlaunamálum og tryggja að ábyrgð og gildissvið sé skýrt. Nánari lýsingu á kerfinu og virkni þess er svo að finna í ítarlegum verklagsreglum sem ætlað er að tryggja virkni kerfisins.

### 2 Ábyrgð og gildissvið

Starfsmannastjóri ber ábyrgð á jafnlaunastefnunni og jafnlaunakerfinu. Starfsmannastjóra ber að rýna lög og kjarasamninga reglulega. Skilgreiningu á skipulagi, framkvæmd og umfangi þessarar rýni er að finna í VLR200-16 Reglubundin rýni laga, reglugerða og kjarasamninga. Starfsmannastjóri ber einnig ábyrgð á því að stöðugt sé unnið að umbótum í jafnlaunamálum fyrirtækisins og að ávallt sé tryggt að fyrirtækið hagi launamálum sínum í samræmi við lög og verklagsreglur um jafnlaunakerfið. Jafnlaunastefnan gildir um alla starfsmenn fyrirtækisins

### 3 Jafnlaunastefnan

Jafnlaunastefna Síldarvinnslunnar kemur fram í starfsmannastefnu fyrirtækisins (STE200-1), en þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

*„Öll mismunun, t.d. á grundvelli kynferðis, uppruna, kynhneigðar eða annarra persónubundinna þátta, er óheimil. Ákvarðanir um ráðningar, laun og stöðuhækkningar skulu byggja á hæfnikröfum viðkomandi starfs, hæfni og reynslu viðkomandi starfsmanns og/eða kjarasamningum, eftir því sem við á.*

*Síldarvinnslan stefnir að því að gæta fyllsta jafnréttis milli kvenna og karla, bæði hvað varðar laun og tækifæri innan fyrirtækisins. Síldarvinnslan mun láta framkvæma óháðar jafnlaunaúttektir til að tryggja að kynjunum sé ekki mismunað í launum.“*

Einnig er komið inn á launajafnrétti í jafnréttisáætlun fyrirtækisins (VLR200-4), en þar segir m.a.:

*„Við ákvörðun launa skal gæta að ekki sé mismunað vegna kyns. Starfsmönnum á að greiða jöfn laun fyrir sömu störf og jafn verðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun séu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðunum skulu ekki fela í sér kynjamismunun. Það gildir jafnt um frammistöðu í starfi og önnur áunnin réttindi.“*

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og í rafrænu skjalasafni jafnlaunakerfisins



## STE200-2 – 1 Jafnlaunastefna

**Samþykkjandi:** Starfsmannastjóri

---

Það er því skýr stefna fyrirtækisins að kynbundinn launamunur skuli ekki þrífast innan fyrirtækisins. Markmiðið er því að enginn launamunur mælist í jafnlaunagreiningu. Þó er gert ráð fyrir skekkjumörkum í launagreiningu upp á allt að 5%, en markmiðið er þó eftir sem áður að enginn óútskýrður launamunur verði fyrir hendi innan fyrirtækisins.

Hvað jafnlaunamál varðar starfar Síldarvinnslan að fullu í samræmi við öll lög sem tengjast jafnrétti og málefnum kynjanna svo sem lög nr.150/2020 og nr.80/2019.

Tilvísanir:

VLR200-16 Reglubundin rýni laga, reglugerða og kjarasamninga

STE200-1 Starfsmannastefna Síldarvinnslunnar

VLR200-4 Jafnréttisáætlun Síldarvinnslunnar

Lög nr. 150/2020

Lög nr. 80/2019

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og í rafrænu skjalasafni jafnlaunakerfisins